

Ed.

146. Nefndarálit

um frumvarp til viðaukalaga við tollög nr. 54, 11. júlí 1911.

Frumvarp þetta er komið fram fyrir þá skuld, að sá orðrómur hefir á legið, að talsvert mundi vera um undandrätt á tolli, einkanlega í Reykjavík. Nú er það kunnugt, að mestur hluti af tekjum landssjóðs er tolltekjur, svo að ef hjer væri um nokkurn verulegan undandrätt að ræða, þá hlyti landssjóður að bíða við það tilfinnanlegan skaða.

Nefnd sú, er kosin var í þetta mál, hefir nú reynt að afla sjer upplýsinga um, hvort sá orðrómur, er áður er um getið, sje á rökum bygður, og hefir því fengið til viðtals við sig bæjarfógetann í Reykjavík. Af viðtali við hann, hefir nefndin sannfærst um, að í Reykjavík er miklu minna um undandrätt á tolli en orð fer af, og að miklu færri menn eru við það mál riðnir eða grunaðir um undandrätt en almenningur tilnefnir.

Í annan stað hefir nefndin þó við rannsóknir sínar komist að þeirri niðurstöðu, að nokkuð talsvert muni þó vera um tollundandrätt í landinu, eða að

að honum kveði að minsta kosti svo mikið, að fullkomin ástæða sje til þess, að herða nokkuð á þeim hegningarákvæðum, er gildandi lög hafa við tollundandrætti.

Nefndin lítur svo á, að þar sem talsvert er farið að bera hjer á landi á tollsvikum, þá sje það tvent, er þegar varði miklu að gera. Annað er það, að hlutaðeigandi yfirvöld sýni af sjer röggsemi í slíkum málum, og leiði þau svo skjótt til lykta, sem verða má. Hitt er það, að sektarákvæði laganna um slik brot sjeu gerð skýr og glögg, svo að almenningi sje ljóst, hvað við liggur, ef brotið er.

Um hið fyrra er það að segja, að nefndin treystir því, að tollheimtumenn og dómárar láti það ekki undir höfuð leggjast, að koma upp tollsvikum og að hegna fyrir þau, því að annars er í veði sómi alþjóðar og einstakra manna.

Út af síðara atriðinu skal það fram tekið, að nefndin hefir orðið ásátt um, að taka upp allan fyrri hluta 8. greinar tolllaganna frá ^{11/7} 1911 með nokkrum viðbótum og fyllri ákvæðum. Og er það fólgid í þessu:

Lágmark sekta viljum vjer ákveða 50 kr. Í gildandi lögum vantar lágmarkið. En víða mun sú venja vera á komin, að dæma ekki í lægri sekt fyrir tolllagabrot en hjer er til tekið.

Þá viljum vjer leggja til að þeim, er uppvisir verði að tollsvikum, skuli refsað eftir 155. grein hinna almennu hegningarlaga, þegar svo stendur á, að greinin á við, nefnil. þegar maður visvitandi gefur ranga skýrslu í þeim tilgangi að svíkja toll.

Og loks leggjum vjer til, að brot í þriðja sinni varði missi verslunarleyfis, hvort sem um kaupmann er að ræða eða einhvern annan, sem hefir slikt leyfi. Er það í líkingu og samræmi við hegningarákvæði í 14. og 15. gr. laga um verslun og veitingar áfengra drykkja frá 11. nóv. 1894.

Samkvæmt þessu leggjum vjer þá til, að þessar breytingar verði samþykta.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Fyrir grein frumvarpsins komi:

Fyrri liður 8. greinar tolllaga frá 11. júlí 1911 hljóði þannig:

Nú verður maður uppvis að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing um það, eða ekki skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá tollskyldum vörum, er hann hefir inn flutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum frá 50 til 1000 kr., og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan. Auk þess skal hver sá, er uppvis verður að tollsvikum, sæta hegningu eftir 155. grein almennra hegningarlaga, þegar svo á stendur, sem þar segir. Hafi hinn seki verslunarleyfi, fyrirgerir hann því við 3. brot, og getur ekki fengið nýtt verslunarleyfi fyr en eftir 5 ár.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911.

Alþingi 18. júlí 1914.

Steingrímur Jónsson,
formaður.

Björn Þorláksson,
skrifari og framsögum.

Karl Einarsson.

Sigurður Stefánsson.

Karl Finnbogason.